

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Reglur um ástundun grunnskólanemenda

REGLUR UM ÁSTUNDUN NEMENDA Í GRUNNSKÓLUM HAFNARFJARÐAR **GILDI FRÁ HAUSTI 2022**

Reglur sem fara í staðfestingarferli hjá bæjaryfirvöldum á skólaárinu 2022-2023



HAFNARFJÖRÐUR

SEPTEMBER 2022

Almennt

Reglur um ástund í grunnskólum Hafnarfjarðar taka gildi frá haustinu 2022. Þessar reglur gilda þangað til annað verður ákveðið.

Miðað er við það að þessu skólaári fari reglurnar í samþykktarferli hjá bænum svo þær verði opinberar reglur sveitarfélagsins sem gildi um alla grunnskóla þess.

Efnisyfirlit

Almennt.....	2
Efnisyfirlit.....	3
1. TILGANGUR.....	4
2. MARKMIÐ.....	4
3. FORSJÁRAÐILAKYNNING.....	5
4. HUGTÖK OG ÚTSKÝRINGAR.....	6
5. REGLUR UM ÁSTUNDUN Í GRUNNSKÓLA.....	7
5.1. Ferli um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra.....	9
5.2 Ferli um leyfi og veikindi.....	11

1. TILGANGUR

Tilgangur þess að vinna að reglum um fjarvistir/seinkomur/brottrekstra og veikindi/leyfi í grunnskólum Hafnarfjarðar er margvíslegur og saman myndar hann mikilvægi þessarar stefnumótunar af þremur þáttum:

- a. Að samræma vinnubrögð, verklag og úrræði svo allir grunnskólanemendur hafi jafnræði varðandi mat á þátttöku sinni í skólastarfinu óháð skólum í Hafnarfirði.
- b. Að það er aukin samfélagstilhneiging að samþykkja minnkandi skólasókn og það þarf að bregðast við henni af ýmsum ástæðum svo viðeigandi virðing sé borin fyrir grunnskólanámi.
- c. Að koma sem mest í veg fyrir óþarfa fjarvistir úr skólastarfinu og fyrirbyggja skólaforðun einstakra nemenda.

2. MARKMIÐ

Markmið þessara reglna er:

- a. Að að auka skólasókn nemenda, þ.e. draga úr fjarvistum og brottfalli úr skóla.
- b. Að efla vinnusemi nemenda og vinna gegn kvíða og annarri vanlíðan sem hugsanlega gæti skapast af minnkandi skólasókn, t.d. prófkvíða, félagskvíða, aðgerðakvíða o.þ.h.
- c. Að bæta námsárangur nemenda.
- d. Að vinna að vitundarvakningu skólasamfélagsins um mikilvægi skólasóknar.

3. FORSJÁRAÐILAKYNNING

Til forsjáraðila í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Frá haustinu 2019 tóku við samræmdar reglur um skólasókn, þ.e. um fjarvistir/seinkomur, brottrekstra úr tímum/kennslustundum og leyfi/veikindi nemenda, í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þær reglur voru kynntar sérstaklega á síðasta skólaári og þær eru nú endurskoðaðar síðast haustið 2022.

Tilgangur þess að samhæfa reglur um skólasókn í grunnskólunum og viðbrögð við þeim er margvíslegur. Í því felst að það sé ekki mismunandi eftir skólum hvernig sé brugðist við minnkandi skólasókn nemenda og það sem stundum er nefnt „skólaforðun“ ef fjarvistir frá skóla stafa ekki af lögmætum ástæðum. Grunnskólanemendur á Íslandi eru skólaskyldir en forsjáraðilar hafa samt alla stjórn á að fá leyfi fyrir börn sín. Forsjáraðilar fá hér mikið frelsi og um leið mikla ábyrgð. Reynslan sýnir að leyfum nemenda fjölgar og starfsfólk skóla sér aukna tilhneigingu til að ekki séu alltaf fullnægjandi ástæður sem liggja til grundvallar. Þess vegna þarf skólasamfélagið í Hafnarfirði að bregðast við með því að samhæfa viðbrögð við aukningu fjarvista í grunnskólanámi.

Góð mæting í skóla er viðamikill þáttur í farsælli skólagöngu og vellíðan barna og unglinga. Að missa ítrekað úr kennslustundir, t.d. í lestri á yngra stigi eða stærðfræði á eldri stigum, getur haft áhrif á námsárangur. Miklar fjarvistir úr skóla geta verið kvíðavaldandi fyrir börn eða unglinga og haft þau áhrif á þróun skólaforðunar og versnandi námsárangur þegar þau missa ítrekað úr námi.

Starfsfólk skóla í Hafnarfirði hefur áhyggjur af minnkandi skólasókn og fjölgun nemenda sem teljast falla undir skilgreiningar um skólaforðun. Í reynd eru allar fjarvistir frá skóla óheppilegar af ýmsum ástæðum og því er ekki gerður greinarmunur á fjarvistardögum þótt greinarmunur sé gerður á tilefni fjarvista. Eftir því sem skólasókn fer minnkandi taka við aukin viðbrögð af hálfu skóla til að koma sem lengst í veg fyrir að námsárangur nemenda versni vegna slakrar skólasóknar og vanlíðan aukist.

Meginefni reglnanna er:

1. AÐ VIRÐING SÉ BORIN FYRIR SKÓLASÓKN

Allt skólasamfélagið (forsjáraðilar, nemendur, starfsfólk skóla) verður að bera virðingu fyrir mikilvægi skólasóknar alla 180 skóladaga nemenda í grunnskóla á hverju skólaári.

2. AÐ SKÓLA BERI ENGIN SKYLDA TIL SÉRSTUÐNINGS VEGNA LEYFA

Starfsfólk skóla ber ekki skylda til að þjónusta einstaka nemendur sérstaklega vegna fjarvista frá skóla (t.d. að kennarar gefi út sérstaka heimavinnu eða skilaboð þegar um er að ræða persónuleg leyfi fjölskyldna) en að koma nemanda í skóla sem er í skólaforðun skal fara fram víðtækt samstarf heimilis og skóla um það verkefni í samræmi við verklagið sem kynnt er hér aftar.

3. AÐ GEFIN SÉ ÁRLEG LOKAEINKUNN (A-D) VEGNA SKÓLASÓKNAR Á VITNISBURÐARBLAÐ

Ástundun sem snýr að fjarvistum, seinkomum og brottrekstri úr kennslustundum mynda á einu skólaári skólasóknareinkunn sem hver nemandi fær á matskvarðanum A, B+, B, C+, C og D í samræmi við kvarða (sjá fylgiskjal póstsins).

4. AÐ VIÐBRÖGÐ SKÓLA OG BARNAVERNDAR VIÐ MINNKANDI SKÓLASÓKN SÉU SAMHÆFD

Þótt forsjáraðilar hafi víðtækar heimildir til að tilkynna veikindi og leyfi frá skóla munu skólar bregðast við öllu slíku sem „fjarvistum“ óháð tilefni, í samræmi við reglur. Allar fjarvistir frá skóla eru óheppilegar og miklar fjarvistir (umfram 10% kennslutímans eða 18 skóladaga á skólaári) geta hamlað námsárangri barna. Það er skylda nemenda að mæta í skóla nema að löggild forföll hamli. Umræddar reglur gilda um alla grunnskóla Hafnarfjarðar jafnt og færast með nemendum flytji þeir á milli skóla innan Hafnarfjarðar innan skólaársins.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.

4. HUGTÖK OG ÚTSKÝRINGAR

Hér eru kynnt helstu hugtök sem tengjast ástundunarreglunum.

Brottfallsnemandi: Telst vera sá nemandi sem hefur farið í gegnum öll þrjú ferlin sem hér eru tilgreind, það næst ekki að halda honum virkum í skólastarfinu og hann mætir ekki svo vikum og mánuðum skiptir í skóla. Árlega skulu skólar tilgreina þann fjölda nemenda til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs til tölfraðilegrar samantektar árlega.

Fjarvist: Að hafa ekki heimild með leyfi/veikindi í kennslustund. Að mæta ekki í kennslustund innan 20 mínútna eftir að hún hefst eða alls ekki telst vera full fjarvist eða tvö fjarvistarstig.

Fjarvistardagur: Sex kennslustundir (12 fjarvistarstig) búa til einn fjarvistardag (meðaltal þar sem kennslutímar geta verið mismargir eftir skóladögum hjá einstaka nemendum).

Leyfi: Forsjáraðilar taka leyfi en skóli gefur ekki. Skólasókn er þannig alltaf á ábyrgð foreldra

Seinkoma: Mæting í tíma eftir að kennsla kennara hefst telst seinkoma. Ef nemandi mætir meira en 20 mín. eftir að kennslustund hefst telst það vera full fjarvist.

Skólasóknareinkunn: Skólasóknareinkunn er gefin sem lokaeinkunn í lok skólaárs (yfir allt skólaárið) sem hæfnieinkunn (A-D) í samræmi við viðmið í þessu skjali, út frá fjarvistum, seinkomum og brottrekstrum úr kennslustundum en ekki leyfum og veikindum. Sjá töflu hér aftar.

Skólasóknarform: Form sem tilheyrir hverju stigi í skólasókn og fylgja nemanda milli stiga. Formin eru tvö, skólasóknarform, viðbragðsstig og hættustig. Þriðja formið er hluti meðferðaráætlunar á vegum Barnaverndar Hafnarfjarðar.

Veikindi: Forsjáraðilar tilkynna veikindi daglega með símhringingu til skóla eða skráningu aðstandenda í umsýslukerfi skóla (Mentor).

5. REGLUR UM ÁSTUNDUN Í GRUNNSKÓLA

Reglur um skólasókn og ástundun í grunnskólum Hafnarfjarðar frá hausti 2022.

Almennar reglur:

1. Ástundun er notað sem samheiti yfir allar fjarvistir í skólastarfi, sem er skipt í tvær tegundir í þessum tillögum. Það eru annars vegar reglur um fjarvistir, seinkomur og brottvikningar úr kennslustundum og hins vegar um leyfi og veikindi.
2. Fjarvistir/seinkomur/brottrekstrar og leyfi/veikindi lúta sitt hvoru viðmiði varðandi eftirfylgni þótt í meginatriðum sé sama skipulag á hvoru tveggja. Það skipulag sem fyrr fer í gang ræður för ef þau eru ekki samhliða.
3. Fylgt er ákveðnu vinnuferli varðandi fjarvistir/seinkomur/brottrekstur og leyfi/veikindi sem skiptist í forstíga, viðbragðsstíga, hættustíga og barnaverndarstíga. Tilgangur þessara ferla er að samhæfa viðbrögð við skólasókn í grunnskólum Hafnarfjarðar svo áþekkt ferli mæti nemendum með svipaða skólasókn óháð einstaka grunnskólum. Færst nemandi milli skóla innan Hafnarfjarðar færiskólasókn hans með innan skólaársins, ásamt viðeigandi gögnum sem tengjast skólasóknarferli hans.
4. Sömu skólasóknarform, eitt skólasóknarform fyrir hvert stiganna þriggja, gilda um allar fjarvistir/seinkomur/brottrekstra og leyfi/veikindi í samræmi við viðmið hér aftar.

Fjarvistir, seinkomur og brottrekstur úr kennslustundum:

1. Ef nemandi kemur í kennslustund eftir að kennsla hefst hjá kennara fær hann eitt fjarvistarstig og telst vera seinkoma.
2. Ef nemandi mætir ekki í kennslustund eða eftir að 20 mínútur eru liðnar af henni telst það vera fjarvist og gefur tvö fjarvistarstig.
3. Ef að nemandi er vikið úr tíma fær hann þrjú fjarvistarstig og er vísað til skólastjórnanda.
4. Vísi skólastjórnandi nemandi heim úr skólanum út skóladaginn í kjölfar brottrekstrar úr tíma fær nemandi tvö fjarvistarstig til viðbótar, en ekki fyrir aðra tíma sem hann missir af sökum brottvikningarinnar.
5. Skólasóknareinkunn (fjarvistir, seinkomur og brottvísanir úr tíma) er gefin á kvarðanum A, B+, B, C+, C og D. Gefa skal skólasóknareinkunn fyrir alla árganga grunnskólans.

Leyfi og veikindi:

1. Stök leyfi/veikindi sem samtals eru sex kennslustundir telst vera einn fjarvistardagur.
2. Í stökum tilvikum er ákveðið að ferli fer ekki í gang sökum þess að eðlileg skýring er fyrir hendi og kennari hefur upplýsingar frá forsjáraðilum, t.d. vegna dvalar á spítala.
3. Samhæft leyfistilkynningarform verður fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar sem fylgir tillögum starfshópsins. Það form skal fylla út ef leyfi skal vara í þrjá daga eða lengur. Leyfistilkynningarform er bæði hægt að útfylla rafrænt eða á pappír. Leyfi í tvo daga eða minna skal skrá í Mentor af forráðamönnum eða senda tölvupóst/hringja í skóla.

Skólasóknareinkunn:

- Skólasóknareinkunn gildir um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra úr kennslustundum.
- Skólasókn hefst með einkunnina A og lækkar síðan allan veturinn eftir því sem fjarvistir aukast. Ein skólasóknareinkunn gildir fyrir allt skólaárið.
- Möguleiki er að hækka skólasóknareinkunn upp um fjögur fjarvistarstig á viku með óaðfínanlegri skólasókn í heila viku. Í samningi við nemanda (skólasóknarform-viðbragðsstig og skólasóknarform-hættustig) er þetta viðfangsefni til umræðu og hvatningar. Ekki er hægt að hækka hærra en í B yfir skólaárið og hefst ekki fyrr en nemandi er kominn í C+ í einkunn eða lægra.

Skýringar við orðastyttingum hér áfram:

- Uk umsjónarkennari
- Ná náms- og starfsráðgjafi
- Ne nemandi
- De deildarstjóri kennslustigs
- Fo forsjáraðilar
- Ri ritari/skrifstofustjóri skóla

4.1. Ferli um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra

Fjarvist-arstig	Skólasókn.einkunn	Verklag
0-6	A	Verkfæri skóla/SMT skólafærni: Hvatning Nemendur hér fá reglulega hrós fyrir virka mætingu í kennslustundir.
7-12	B+	
13-30	B	<p>Forstig Verkfæri skóla/SMT-skólafærni: hvatning og mörk.</p> <p>a. Umsjónarkennari (Uk) ræðir við nemanda (Ne). Skráð í Mentor. b. Skóli (Uk/Ri) sendir stöðu ástundunar úr Mentor á forsjáraðila. c. Uk vinnur ræðir við Ne og sendir deildarstjóra (De) upplýsingar þegar fjarvistarstig fara yfir 20 stig markið. d. LOK stigs (eftir 30 fjarvistarstig): Uk sendir póst á forsjáraðila og tilkynnir að málið fari á viðbragðsstig.</p> <p>PÓSTUR TIL FORSJÁRAÐILA og SAMANTEKT TIL DEILDARSTJÓRA</p>
31-50	C+	<p>Viðbragðsstig Verkfæri skóla/SMT skólafærni: Einstaklingsáætlun, t.d. skólakort, lausnaleit og markvisst eftirlit með viðkomandi. Verkfæri/PMTO úrræði: Forsjáraðilaúrræði.</p> <p>a. Uk vinnur ræðir við Ne og vinnur skólasóknarform-viðbragðsstig. De leggur málið fyrir í lausnateymi SMT/skóla og úrræði sett af stað út frá verkfærum skóla/SMT. Útfyllt skólasóknarform fylgir máli inn í lausnateymi skóla/SMT. b. De kallar Fo, Ne (eftir atvikum) og Uk til fundar til að fylgja eftir samningi (aðgerðaráætlun um skólasókn). c. Ef fjarvistir halda áfram er forsjáraðilum kynnt næsta stig sem er nemendaverndarráð og þaðan í brúarteymi. d. LOK stigs (eftir 50 fjarvistarstig): De, í samstarfi við Uk, fyllir út eyðublað B til nemendaverndarráðs. Útfyllt skólasóknarform-viðbragðsstig fylgir með til nemendaverndarráðs.</p> <p>SKÓLASÓKNARFORM VIÐBRAGÐSSTIG og SKIL TIL NEMENDAVERNÐARRÁÐS</p>
51-70	C	<p>Hættustig Verkfæri skóla/SMT skólafærni: Eftirfylgni. Verkfæri skóla/PMTO úrræði: Forsjáraðilaúrræði.</p> <p>a. De viðkomandi stigs boðar Uk, Fo og Ne á fund og fyllir út skólasóknarform-hættustig, þ.e. greina vanda og leggur til ákvarðanir í bætta skólasókn (mætingarsamningur). b. Nemendaverndarráð tekur erindi fyrir og vísar til brúarteymis til frekari vinnslu á hættustigi. c. Vísað til fjölskyldu- og skólabjónustu Brúarinnar þar sem það á við og eftirfögnifundir. d. Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (De) og forsjáraðilum kynnt það í tölvupósti (eftir 70 fjarvistarstig). Útfyllt skólasóknarform (viðbragðsstig og hættustig) og eyðublað B fylgir með tilkynningu til barnaverndar.</p>

		SKÓLASÓKNARFORM HÆTTUSTIG og BARNAVERNDARTILKYNNING
71 og fleiri	D	<p>Barnaverndarstig Verkfæri skóla/SMT skólafærni nýtt áfram á þessu stigi frá fyrri stigum. Verkfæri: Halda fyrri úrræðum.</p> <ol style="list-style-type: none"> Tilkynningafundur hjá barnavernd innan 7 daga frá því að tilkynning berst og tekur ákvörðun um framhald. Mál samþykkt í könnun úthlutað til barnaverndarstarfsmanns - eins fljótt og mögulegt er. Könnunarfundur með forsjáraðilum, nemanda og fulltrúum skóla (sem fyrst) og málið sett í meðferðaráætlunargerð/aðgerðir í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni. Meðferðaáætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni, t.d. sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl., sett í gang í samvinnu forsjáraðila/skóla. Jafnvel gert strax í lok fundar í c lið. Eftirfylgnifundur barnaverndar með forsjáraðilum og skóla. Lok máls. <p>Í sumum tilvikum geta forsjáraðilar unnið að málum sjálfir varðandi skólaforðun, t.d. í samstarfi við heilbrigðiskerfið. Þá getur verið að þessi liður falli niður til að of margir aðilar séu ekki að fást við málið og viðhafa viðeigandi verkaskiptingu. Það á sérstaklega við ef forsjáraðilar eru í góðu samstarfi.</p> <p style="text-align: right;">FORM KÖNNUNARFUNDAR OG MEÐFERÐARÁÆTLUNAR BARNAVERNDAR</p>

Ef nemandamál vinnst ekki á barnaverndarstigi, þ.e. nemandi sækir ekki skóla þrátt fyrir aðkomu barnaverndar, telst nemandi vera brottfallsnemandi - nemandi er samt áfram skráður í skóla þótt hann stundi ekki skóla eða nám. Brottfallsnemandi er samt ekki sérstök skráning í grunnskóla þar sem allir nemendur á grunnskólaaldri verði að vera skráðir í grunnskóla. En þetta getur mögulega verið opinber merking þótt engin opinber skilgreining sé til á því hver uppfylli skilyrði að vera „brottfallsnemandi í grunnskóla“.

5.2 Ferli um leyfi og veikindi

<i>Fjarvist-ardagar</i>	<i>Verklag</i>
0-9 dagar	Nemendur fá hrós fyrir virka mætingu í skólann.
10-14 dagar	<p><i>Forstig</i></p> <ul style="list-style-type: none"> a. UK hringir í Fo til að átta sig á stöðunni. b. Mat umsjónarkennari/deildarstjóri hvort leggja þurfi til að nemandi fari ekki í skólaforðunarferli vegna skýranlegra orsaka (t.d. langveik börn, slys) á sérstakt eyðublað. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri þarf að staðfesta og geymt í persónumöppu. c. Skóli (Uk/Ri) sendir forsjáraðilum (Fo) tölvupóst og kynnir næstu skref (viðbragðsstig). <p style="text-align: center;">PÓSTUR TIL FORSJÁRAÐILA, SAMANTEKT TIL DEILDARSTJÓRA</p>
15-18 dagar	<p><i>Viðbragðsstig</i> SMT skólafærni</p> <ul style="list-style-type: none"> a. De viðkomandi stigs boðar Fo og Ne á fund ásamt umsjónarkennara (Uk), greinir vanda og mögulega lausnir; gerður mætingarsamningur við Fo og Ne (fer eftir aldri). Skólasóknarform-viðbragðsstig útfyllt. a. Eftirfylgnifundur ef skólasókn batnar ekki, þ.e. frekari greining og gerðar tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina. b. LOK stigs (eftir 18 fjarvistardaga): De, í samstarfi við Uk, útfyllir eyðublað B. Útfyllt skólasóknarform-viðbragðsstig fylgir með á næsta stig. <p style="text-align: center;">SKÓLASÓKNARFORM VIÐBRAGÐSSTIG og SKIL TIL NEMENDAVERDARÁÐS</p>
19-29 dagar	<p><i>Hættustig</i> Verkfæri skóla/SMT skólafærni</p> <ul style="list-style-type: none"> b. Nemendaverndarráð tekur erindi fyrir og vísar til brúarteymis til frekari vinnslu á hættustigi. c. Vísað til fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar þar sem það á við og eftirfylgnifundir skv. lið b. d. Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (De) og forsjáraðilum kynnt það í tölvupósti (eftir 29 daga). Útfyllt skólasóknarform (viðbragðsstig og hættustig), og eyðublað B fylgir með tilkynningu til barnaverndar. <p style="text-align: center;">SKÓLASÓKNARFORM HÆTTUSTIG og TILKYNNING TIL BARNAVERNDAR</p>

**30 dagar
eða fleiri**

Barnaverndarstig

Verkfæri skóla/SMT skólafærni nýtt áfram á þessu stigi frá fyrri stigum.

Verkfæri skóla/PMTO úrræði: Halda fyrri úrræðum.

- a. Tilkynningafundur hjá barnavernd innan 7 daga frá því að tilkynning berst og tekur ákvörðun um framhald.
- b. Mál samþykkt í könnun og úthlutað til barnaverndarstarfsmanns - eins fljótt og mögulegt er.
- c. Könnunarfundur með forsjáraðilum, nemanda og fulltrúum skóla (sem fyrst) og málið sett í meðferðaráætlunargerð/aðgerðir í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni.
- d. Meðferðaráætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni, t.d. sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl., sett í gang í samvinnu forsjáraðila/skóla. Jafnvel gert strax í lok fundar í c lið.
- e. Eftirfylgnifundir barnaverndar með forsjáraðilum og skóla.
- f. Lok máls.

Í sumum tilvikum geta forsjáraðilar unnið að málum sjálf varðandi skólaforðun, t.d. í samstarfi við heilbrigðiskerfið, og þá getur verið að þessi liður falli niður til að of margir aðilar séu ekki að fást við málið og viðhafa viðeigandi verkaskiptingu. Það á sérstaklega við ef forsjáraðilar eru í góðu samstarfi.

Form könnunarfundar og meðferðaráætlunar barnaverndar